# Umferðarspá fyrir vegkafla 1-a1_stöð 7750

## Helstu forsendur:

- Umferðartalningar á vegkafla 1-a1, frá 1999 - 2023.
- Íbúafjöldi á Suðurlandi vaxi í takt við íbúaþróun frá 1999 - 2022.
- Íbúafjöldi á Íslandi í heild, vaxi í takt við spár Hagstofu Íslands.
- Bílaeign vaxi í takt við íbúaþróun.
- Heildarakstur á Íslandi haldi áfram að vaxa.
- Hóflegur og stöðugur vöxtur verði í komu erlendra ferðamanna til Íslands.
- Spá fyrir umferð miðast við gjaldleysi og frjálst flæði umferðar.
- Ekki er reiknað með orsakaðri umferð[1] (umferðarstökki).
- Hagvöxtur verði á bilinu 2 - 5%, á spátíma.
- Drifkraftur í vexti umferðar verði íbúaþróun, hagvöxtur og fjölgun ferðamanna.
- Engar náttúruhamfarir eða óvæntir atburðir, sem gætu haft varanleg áhrif á þróun umferðar, teknir inn í útreikninga enda ekki hægt að sjá neitt slíkt fyrir.




Gildistafla $ÁDU_{spár}$

| ÁR | -95% | -75% | +75% | +95% |
|---|---|---|---|---|
| 2023 | 1.000 | 1.200 | 1.350 | 1.400 |
| 2025 | 950 | 1.250 | 1.600 | 1.950 |
| 2030 | 680 | 1.300 | 2.150 | 2.850 |
| 2035 | 660 | 1.400 | 2.600 | 3.600 |
| 2040 | 690 | 1.600 | 3.050 | 4.200 |
| 2045 | 850 | 1.800 | 3.450 | 4.750 |
| 2050 | 950 | 2.000 | 3.850 | 5.300 |
| 2055 | 1.200 | 2.200 | 4.200 | 5.900 |
| 2060 | 1.350 | 2.450 | 4.600 | 6.300 |

Yfirfærslustuðull frá vegkafla 1-a1 yfir á vegkafla 1-a4 = 1,25
Upphækkunarstuðull vegna hönnunarumferðar, sem tekur tillit til SDU = 1,20
Heildarhækkun á spá 1-a1 yfir á vegkafla 1-a4 er þá = 1,45

Hönnunarumferð miðast við umferðarspá 20 árum eftir fyrirhuguð verklok eða árið 2050, með yfirfærslu- og upphækkunarstuðlum.

Niðurstaða:
Líklegast er að hönnunarumferð vegkaflans verði: $ÁDU_{hönnun}$ = 2900 – 5600 (ökutæki/sólarhring)
Ath. hér er mikilvægt að hafa í huga að líklegasta er talið að raungildi framtíðar lendi einhversstaðar á milli efri og neðri marka en alls ekki mitt á milli. Það er því mælt með að hönnun miðist við efri líklegustu mörkin.

1) Orsökuð umferð er sú umferð, sem oftast myndast í grennd við þéttbýli, eingöngu vegna styttingar vegalengda og/eða betri og greiðfærari vega. Reynsla frá Íslensku vegakerfi er að 0 - 5% stökk sé lágt og 30 - 35% sé hátt.

Umferðardeild maí 2023 (fib)